

RAFÆNN VEGVÍSIR FYRIR BÆNDUR OG NÝLIDA

AÐLÖGUN AÐ LÍFRÆNUM BÚSKAP

Þessi leiðarvísir inniheldur upplýsingar um þau aðalatriði sem ber að hafa í huga fyrir og í aðlögunarferlinu að lífrænum búskap. Hann bendir á helstu breytingar sem bændur þurfa að velta fyrir sér og leiðir lesandann í gegnum fyrstu skrefin í átt að lífrænni framleiðslu.

Í sumum tilfellum sérðu að líklegast er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir eytt tíma þínum í að byggja upp blómlegt lífrænt bú.

UPPLÝSINGAR OG FRÓÐLEIKUR

Um lífrænan landbúnað á vef RML

[www](#)

Ýmsar upplýsingar og fróðleikur um lífrænan landbúnað á heimasíðu RML

Vottunarstofan Tún

[www](#)

Alþjóðlegt félag lífrænna landbúnaðarhreyfinga

[www](#)

Ýmsar upplýsingar og fróðleikur

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

sími: 51 6-5000 | Netfang: rml@rml.is

KT: 580113-0520 | www.rml.is

LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA – AF HVERJU (EKKI)?

LYKILATRIÐI

Bændur stefna að lífrænni framleiðslu í sátt við náttúruna, að framleiða afurðir á sjálfbæran hátt og vernda óendurnýjanlegar auðlindir. Þeir framleiða hágæða matvörur og taka þátt í loftslags-, náttúru- og umhverfisvernd.

Aðferðafræðin leggur sterka áherslu á:

- Að halda nánast lokaðri hringrás næringarefna á búinu, lífræn næringarefni sem verða til á búinu nýtast sem undirstaða í ræktun fóðurs.
- Að varðveita og auka frjósemi í jarðveginum
- Að tryggja velferð búfjár

Enginn tilbúinn áburður er notaður í lífrænni ræktun. Nýting köfnunarefnis er aðallega úr búfjáraurði, belgjurtarækt og með notkun náttúrulegra, hægvirkra áburðarefna. Það gildir að varðveita frjósemi jarðvegs og lögð er áhersla á fjölbreytt sáðskipti. Búfjáfjöldi er takmarkaður en hann er háður landstærð. Fóðrun búfjár byggir á heimaöfluðu fóðri, sem minnst aðkeyptu fóðri. Í lífrænni framleiðslu er notkun kemískra plöntuvarnarefna bönnuð en til að vinna gegn sníkjudýrum og illgresi er öðrum aðferðum beitt eins og ræktun harðgerðra yrkja í viðeigandi sáðskiptum, notkun náttúrulegra varna og vélrænna varnaraðgerða. Notkun sýklalyfja er einungis leyfð í brýnustu tilfellum en áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðferðir til að styrkja heilsu búfjár sem og náttúrulegar lækningar.

NÁTTÚRAN OG UMHVERFIÐ

Sjálfbærni skiptir höfuðmáli í lífrænni framleiðslu. Að varðveita og vernda náttúrulegar auðlindir og hafa margbreytileg jákvæð áhrif á umhverfið eru atriði sem eru höfð að leiðarljósi.

JARÐVEGSVERND: Lífræn landnýting örvar moldarmyndun og jarðvegslíf. Í túnnum og ökrum þar sem lífræn ræktun er viðhöfð, eru lífræn efni og örveruvirkni að jafnaði hærrí en í hefðbundinni landnýtingu. Náttúruleg frjósemi í jarðveginum eykst og jarðvegshæð helst í lágmarki.

VATNSVERND: Lífræn landnýting mengar grunn- og yfirborðsvatnið að jafnaði minna með næringarefnum en hefðbundin landnýting. Notkunarbann kemískra varnarefna og takmörkun búfjáhalds við landstærð kemur yfirleitt í veg fyrir að ofgnótt af næringarefnum er borið á heimalandið.

FJÖLBREYTNÍ TEGUNDA: Í lífrænni landnýtingu fyrirfinnst fjölbreyttara dýra- og plöntulíf en í hefðbundinni sem tengist einnig lægra áburðarmagni og banni á kemískum varnarefnum. Sem dæmi má nefna býflugnadauða sem veldur verulegum áhyggjum í heiminum, en flest bendir til þess að hann sé afleiðing einsleitrar plönturæktar og mikillar notkunar illgresis- og skordýraeiturs.

DÝRAVERND: Velferð búfjár er eitt af grundvallaratriðum í lífrænni framleiðslu. Búfé er m.a. tryggður aðgangur að útivistarsvæði, meira rými er veitt hverjum grip á húsi og gætt er að því að dýrin geti stundað eðlilegt atferli.

□ FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN

Eftirspurn eftir lífrænum vörum er sífellt að aukast hérlendis en þrátt fyrir mikla aukningu í lífrænni framleiðslu matvara í nágrennalöndum, hefur þróunin verið hæg á Íslandi. Mikið af matvörum úr lífrænni framleiðslu er flutt til landsins og verðslanir hafa fjölgað hillum undir slíkar vörur til að mæta eftirspurn neytenda.

Íslensk framleiðsla á lífrænum landbúnaðarvörum er í litlum mæli og þarf að fjölga þeim framleiðendum til að geta mætt eftirspurninni sem er til staðar.

Sláturhús með lífræna vottun eru á **Blönduósi** www.sahun.is og **Hvammstanga** www.skvh.is.

Afurðastöðin **Biobú ehf.** (Reykjavík) tekur á móti lífrænni mjólk www.biobu.is.

□ MIKILVÆGAR SPURNINGAR

Getur búið mitt framleitt eins mikið og áður? Hvernig mun ég markaðsetja afurðirnar? Þessar spurningar koma fram þegar bændur velta fyrir sér aðlögun að lífrænum búskaparháttum.

Breyting úr hefðbundinni framleiðslu í lífræna er fyrir hvern bónda viðtæk áskorun. Áhugasömum bændum í hefðbundnum búskap er ráðlagt að leita svara við eftirfarandi spurningum:

- Sölumöguleikar?
- Markaðsverð?
- Markaðsstaða?
- Áhrif breytinga á hagkvæmni búsins?
- Styrktarmöguleikar?

□ STYRKIR

Samkvæmt búvörusamningi er styrkur greiddur til framleiðanda og er hann skilgreindur sem stuðningur við að breyta framleiðsluháttum til að uppfylla þær kröfur sem lífræn búvöruframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð lífrænna vara á markaði. Í búvörusamningi frá 2016 er gert ráð fyrir 35 milljónum á ári í aðlögunarstyrki til þeirra sem hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti Tún og í samræmi við reglugerð nr. 74/2002. Umsóknum er skilað inn í rafrænt umsóknarkerfi til MAST en umsóknarfrestur er 15. maí ár hvert. Ýmsar grunnupplýsingar þurfa að koma fram í umsókninni ásamt lýsingu á búrekstrinum og áætlaður aðlögunarkostnaður samkv. kostnaðaráætlun.

Umsókninni þurfa að fylgja

1. Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila (svo sem RML)
2. Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af TÚN
3. Staðfesting TÚN á gildandi samningi um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkv. reglum um lífræna framleiðslu.
4. Staðfesting TÚN um að umsækjandi hafi lokið a.m.k. átta klst. námskeiði fagaðila um lífræna aðlögun landbúnaðarframleiðslu.

Nákvæmar upplýsingar varðandi umsóknina má finna á heimasíðu RML.

Stuðningur við hvern framleiðanda getur að hámarki verið 50% af árlegum aðlögunarkostnaði, þó ekki hærra framlag árlega en 20% af heildarframlögum stuðningsins. Endurnýja og uppfæra þarf umsóknina árlega á meðan aðlögunin stendur til að fá styrkinn úthlutaðan.

Fleiri styrkir eru e.t.v. aðgengilegir eins og nýliðunarstyrkur, jarðræktarstyrkur og landgreiðslur. Nánari upplýsingar um þá má finna meðal annars á heimasíðu RML.

ÁRANGURSRÍK AÐLÖGUN

Til þess að aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum verði árangursrík, er góður undirbúningur og gott skipulag mikilvægar forsendur. Að meta núverandi stöðu með raunhæfum augum og gera sér grein fyrir þeim breytingum sem eru nauðsynlegar er mjög mikilvægt í byrjun. Ómetanleg aðstoð við ákvörðunartöku og skipulagningu er rekstraráætlun til 5 ára. RML gerir slíkar áætlanir ásamt því að veita aðstoð við umsóknarferlið og aðlögunaráætlun sem skila þarf til vottunarstofu TÚN.

HVERSU LÍFRÆN/N ER ÉG NÚ ÞEGAR?

Nytjaland og búfé þarf aðlögunartíma til að fá vottun sem lífræn framleiðsla. Aðlögunartíminn er mislangur (frá 6 til 36 mán.) og fer eftir tegund lands og afurðum sem framleiddar eru. Vottunarstofan getur stýtt (og lengt) aðlögunartímann fyrir nytjaland, eftir því hvernig landið var áður notað.

Þær breytingar sem krafist er varðandi húsakost, aðbúnað, búfjárfjöldi og fleira eru mismiklar eftir því hver staðan er fyrir á búinu og hvert er stefnt. Regluverk vottunarstofu TÚN heldur utan um þær kröfur sem eru gerðar til lífrænnar framleiðslu og bóndi þarf að fullnægja og vert er að kynna sér það rit vel. Í sumum tilfellum eru breytingar og aðlögunin mun minna mál en það virðist vera við fyrstu sýn.

VOTTUNARSTOFAN TÚN



Til þess að framleiða og markaðssetja afurðir með tilvísun til lífrænna aðferða, þarf að sækja um vottun á slíka starfsemi til vottunarstofunnar TÚN www.tun.is. Samstarfið byggir á skýrsluhaldi, eftirliti og vottun.

TÚN gefur út regluverk sem er reglulega uppfært og endurskoðað. Það heldur utan um þær reglur sem vottuð lífræn framleiðsla fylgir og aðlögun að því.



FERÐAÁÆTLUN AÐ LÍFRÆNNI FRAMLEIÐSLU

SKREF

1. Hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins: safna upplýsingum

Kynna sér málið og eiga fyrstu samtöl.



2. Heimsókn ráðunauts: stefnumótun og aðstoð við ákvörðunartöku

Ræddir eru einstaklingsbundnir möguleikar að árangursríkri aðlögun að lífrænni framleiðslu. Aðstæður eru skoðaðar og upplýsingum fyrir rekstraráætlunargerð safnað saman. Jafnvel eru tekin jarðvegs- og heysýni.



3. Tenging við vottunarstofu og markaðsmál

Hvert lífrænt bú er háð eftirliti og vottun á framleiðslueininguna til að sérmerkja sínar afurðir og mynda örugga tengingu á markaði. Undirrita þarf aðlögunaráætlun hjá vottunarstofu og sækja um vottun og eftirlit.



4. Aðlögunarstyrkur

Skil á umsóknum til Bændasamtaka Íslands/MAST (athugið umsóknarfrestinn). Starfsmenn RML veita aðstoð við gerð umsóknar og gefa upplýsingar varðandi umsóknarferli.



SKÝRSLUHALD

Gott skýrsluhald er grundvallaratriði í lífrænni framleiðslu. Skrá þarf upplýsingar um framgang ræktunar, eldis og vinnslu en skráningin er forsenda úttektar og ómissandi þáttur í gæðastjórnun búrekstrarins.

Fyrir utan hefðbundna skráningu í huppu, fjárvís og jörð eru í lífrænni framleiðslu gerðar kröfur um skráningu á öðrum þáttum:

- **ÁBURDARNOTKUN:** Tegund áburðar og magn. Ef um er að ræða aðfluttan áburð, þarf heimild Túns að liggja fyrir og skjalfest að t.d. búfjáraður hafi staðið í tilskilinn tíma fyrir notkun.
- **SAFNHAUGAGERÐ:** Hvaða efni fara í safnhauginn.
- **SÁÐSKIPTI:** Gæta þarf þess að plöntur af krossblómætt og kartöflur séu ekki ræktaðar á sama skika oftár en þriðja hvert ár og korn ekki oftár en tvö ár í röð. Því þarf að gera sáðskiptaáætlun sem nær fimm ár fram í tíma.
- **LANDNÝTING:** Gera þarf grein fyrir landnýtingu fyrir hvern vottaðan skika í ársskýrslu hvers árs.
- Upplýsingar um útivist búfjar.
- **LYFJAGJÖF:** Staðfesting á að reglum um útskilnaðartíma hafi verið fylgt.
- Liggja þarf fyrir staðfesting á að aðfengin efni séu vottuð lífræn og þurfa sýnishorn af umbúðum fódurs og sáðvöru t.d. að vera til staðar í úttekt.

FÉLAGSSKAPUR

Félag framleiðenda í lífrænum búskap: **VOR – verndun og ræktun**
verndunograektun@gmail.com

